

LÖG

um breytingu á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Virðisaukaskattskýrslur félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skulu byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 12. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Launaframtal félaga sem fengið hafa heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skv. 11. gr. A laga um ársreikninga skal byggjast á upprunalegum fjárhæðum í íslenskum krónum eða umreiknuðum fjárhæðum á daggengi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. apríl 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.